

Samþykktir fyrir Starfsþróunarsjóð prófessora

1. grein

Heiti

Starfsþróunarsjóður prófessora er starfræktur á grundvelli bókunar 2 með kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Félags prófessora við ríkisháskóla, sem undirritaður var 7. október 2011.

2. grein

Aðsetur

Aðsetur Starfsþróunarsjóðs prófessora er í húsakynnum Félags prófessora við ríkisháskóla, eða eftir nánara samkomulagi aðila. Kennitala sjóðsins er 431111-0630.

3. grein

Stefna og hlutverk

Markmið Starfsþróunarsjóðs prófessora er að bæta möguleika félagsmanna til að sækja ráðstefnur, sinna rannsóknum og auka möguleika til rannsóknasamstarfs. Enn fremur er það markmið sjóðsins að styðja skóla og stofnanir þeirra til að gera prófessorum kleift að vinna að verkefnum sem fara saman við markmið beggja.

Starfsþróunarsjóður prófessora sinnir hlutverki sínu meðal annars með eftirfarandi:

- Skapa nauðsynlega yfirsýn yfir sjóði og fjármuni sem ætlað er að auka möguleika prófessora og stofnana til að ná framúrskarandi árangri í starfi sínu og samhæfa virkni sjóða með sambærilegan tilgang.
- Afgreiða umsóknir í sjóðinn.

4. grein

Styrkir

Rétt til að sækja um styrki í sjóðinn hafa prófessorar við ríkisháskóla, ríkisháskólar og stofnanir þeirra. Stjórn sjóðsins setur úthlutunarreglur.

5. grein

Fjármál og tekjur

Tekjur Starfsþróunarsjóðs prófessora eru:

- Umsamið gjald sem er hlutfall af launum og er sem hér segir: Frá og með 1. júlí 2011 greiðir launagreiðandi mánaðarlega iðgjald sem nemur 0,35% af heildarlaunum þeirra starfsmanna hlutaðeigandi launagreiðanda sem falla undir 1. gr. Iðgjaldið er greitt mánaðarlega eftir á samkvæmt útreikningi launagreiðanda. Frá og með 1. júlí 2012 skal iðgjaldsprósentan nema 0,70%, í stað 0,35% áður.
- Vaxtatekjur.
- Sjálfsaflafé.

Kostnaður vegna reksturs sjóðsins greiðist af tekjum hans.

Fjármuni Starfsþróunarsjóðs prófessora skal ávaxta á þann hátt sem stjórn telur öruggan á hverjum tíma.

6. grein

Hlutverk og starfshættir stjórnar

Stjórn Starfsþróunarsjóðs prófessora er skipuð til tveggja ára tveimur fulltrúum Félags prófessora við ríkisháskóla og tveimur fulltrúum háskólanna. Stjórn skiptir með sér verkum.

Hlutverk stjórnar Starfsþróunarsjóðs prófessora er að móta og þróa starfsemi sjóðsins í samræmi við markmið hans. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum sjóðsins.

Stjórn skal funda reglulega, halda gerðarbók og rita í hana samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt þarf meirihluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði. Atkvæði formanns ræður falli atkvæði að jöfnu.

Stjórnin skal árlega gera skýrslu um störf sín og senda hana til Félags prófessora við ríksháskóla með afriti til fjármálaráðuneytisins. Reikningsár Starfsþróunarsjóðs prófessora er almanaksárið. Uppsetning ársreikninga og endurskoðun skal gerð af löggiltum endurskoðanda. Ársreikning skal senda til Félags prófessora við ríkisháskóla.

7. grein

Framkvæmdastjóri

Stjórn ræður framkvæmdastjóra Starfsþróunarsjóðs prófessora. Framkvæmdastjóri stýrir hinu daglega starfi og sér um framkvæmd ákvarðana stjórnar. Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn í samráði við stjórn.

8. grein

Samstarf við aðra aðila

Starfsþróunarsjóður prófessora getur átt samstarf við aðra aðila og gert við þá samninga til lengri eða skemmri tíma til að vinna að markmiðum og verkefnum sjóðsins.

9. grein

Breytingar á samþykktum sjóðsins

Samþykktum sjóðsins verður aðeins breytt með samþykki stjórnar Starfsþróunarsjóðs prófessora.

10. grein

Slit sjóðsins

Starfsemi Starfsþróunarsjóðs prófessora verður einungis slitið með ákvörðun samningsaðila skv. 1. gr. Verði starfsemi sjóðsins lögð niður skal eignum ráðstafað í samræmi við markmið hans.

Reykjavík, 3. apríl 2012

f.h. Félags prófessora við ríkisháskóla

